



Reykjavík, 6. september 2018

SFS2018060303

143. fundur

HG/sv/hl

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu skóla- og frístundaráðsfulltrúa Flokks fólksins um skólasálfræðinga

Eftirfarandi tillaga ásamt greinargerð varr lögð fram á 141. fundi skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að skólar verði valdefldir með þeim hætti að þeir ráði sjálfir til sín skólasálfræðinga sem hafa skulu aðsetur í skólum og taka við verkbeiðnum frá nemendaverndarráðum. Í lögum segir að hver skólasálfræðingur skuli vera í hverjum grunnskóla og að börn skuli hafa aðgang að sérfræðipjónustu þar á meðal sálfræðipjónustu. Gert skal ráð fyrir því að hver skóli fái nægjanlegt fjármagn til að hafa í það minnsta sálfræðing í 40% starfshlutfalli.

Tillagan er studd því áliti að með þessum hætti geti skólasálfræðingar verið meira aðgengilegir börnum, foreldrum og kennurum, sinnt handleiðslu og fræðslu eftir þörfum.

Hvorki er ljóst í tillögunni né í greinargerðinni með henni hvort hér sé verið að leggja til að skólasálfræðingarnir sem um ræðir verði viðbót við þá þjónustu sem veitt er hjá skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum eða hvort hér sé verið að leggja til að núverandi sálfræðingar á þjónustumiðstöðvum yrðu færðir út í skólana sem starfsmenn þeirra.

Sé um viðbót að ræða við núverandi sálfræðipjónustu má áætla að um sé að ræða að minnsta kosti 15,6 ný stöðugildi sálfræðinga við borgarreiknu grunnskólana.

Í skýrslum starfshópa sem fjallað hafa um skólaþjónustu á undanförunum árum kemur m.a. fram að skólastjórnendur hafi lengi óskað eftir því að skólaþjónustan sé nær vettvangi, m.a. með fastri viðveru skólasálfræðinga í skólum en jafnframt að skólaþjónustan verði áfram staðsett á þjónustumiðstöðvum borgarinnar (Skýrsla starfshóps um sérfræðipjónustu skóla; 2008)

Í skýrslu starfshóps um skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum frá 2011 kemur fram að megináhersla sé á heildarsýn á nemandann í hinu þverfaglega samstarfi sérfræðinga í skólaþjónustunni. Jafnframt kemur fram varðandi verklag skólaþjónustunnar, að í skimunarferli máls kalli sálfræðingur til aðra sérfræðinga sem hann telur að eigi að koma að máli. (Skýrsla starfshóps um skólaþjónustu á þjónustumiðstöðvum; 2011)

Starfshópur um verk- og vinnulag í sérfræðipjónustu skóla lagði í skýrslu sinni áherslu á að samþætta þyrfti ólíka þekkingu og ólík sjónarhorn fagstétta. Allir þurfi að vinna saman að því

að nýta fjölbreytta fagþekkingu, uppeldis- og kennslufræðilega þekkingu, þekkingu sálfræðinga, þroskaþjálfara, félagsráðgjafa, lækna og hjúkrunarfræðinga í þjónustu við börn.

Mismunandi fyrirkomulag er haft á skólaþjónustu í nágrannasveitarfélögunum. Í Hafnarfirði og á Akranesi hafa skólasálfræðingar aðsetur í skólunum og sinna viðkomandi skóla en heyra hins vegar undir yfirstjórn skólamála eða skólaþjónustu og eru í þverfaglegu samstarfi með þeim sérfræðingum sem þar starfa. Viðvera þeirra í skólunum er því töluverð.

Skólaþjónustan á þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar hefur á undanförunum árum þróast yfir í aukna fjölbreytni og þverfaglegri þjónustu og hafa til dæmis hegðunarráðgjafar og talmeinafræðingar nýverið bæst við í sérfræðihópinn.

Það er því álit skóla- og frístundasviðs að ekki eigi að skilja einn sérfræðihóp, sálfræðinga, skólaþjónustunnar frá öðrum sérfræðingum hennar. Jafnframt að skoðað verði hvernig viðveru sérfræðinga skólaþjónustunnar verði háttáð úti í skólunum, hún gerð markviss og verkefni sérfræðinga þar skilgreind. Jafnframt tekur skóla- og frístundasvið undir með velferðarsviði að mikilvægt sé að styrkja þjónustu sálfræðinga og annarra sérfræðinga skólaþjónustu við starfsfólk á vettvangi, með áherslu á aukna viðveru þeirra í skólum og aukinni þátttöku í lausnateyllum skólanna.